

Landvélar
Smiðjuvegur 28
200 Kópavogur

Kópavogur, 13. September 2024
Tilvísun: E48738

Skýrsla send á eftirfarandi netfang: ingvar@landvelar.is & kristjan@landvelar.is

Eftirlitsskýrsla

Tilfni: Reglubundið eftirlit	Eftirlit framkvæmt: 10.9.2024
Starfsleyfi: Gildir til 26.6.2028	Starfsemi: Vélaverkstæði
Aðsetur: Smiðjuvegur 28	Kennitala: 4202693159
Fulltrúar fyrirtækis: Kristján Guðmundsson	Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits: Hlín Halldórsdóttir, heilbrigðisfulltrúi

Umfang eftirlits

Eftirlitið er samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit [nr. 550/2018](#), reglugerðar um varnir geng olíumengun frá starfsemi á landi [nr. 884/2017](#), reglugerðar um meðhöndlun úrgangs [nr. 803/2023](#), auk reglugerðar um fráveitur og skólp [nr. 798/1999](#).

Stuðst var við samræmd starfsskilyrði fyrir [bifreiða og vélaverkstæði](#) sem eiga sér m.a. stoð í reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur [nr. 830/2022](#) og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir [nr. 7/1998](#).

Niðurstöður eftirlits


Á verkstæðinu fara fram viðgerðir á háþrýstidælum og mótorum ásamt vinna á rörum. Helsti úrgangur sem fellur til er málmur og er honum safnað í kór á lóðinni sem fara svo í Málma. Úrgangsolíu er safnað í bakka og svo færð í úrgangsolútank sem staðsettur er á lóðinni.

- Frávik:** Engin árekstrarvörn er við úrgangsolíugeyminn sem stendur við innkeyrsluhurð fyrirtækisins. Sama athugasemd var gerð í eftirliti sem framkvæmt var þann 5. nóvember 2021 og er þetta því skráð sem frávik.

Í eftirliti kom fram að líklega væri olíuskilja tengt húsum fyrirtækisins (Smiðjuvegi 28 og Smiðjuvegi 66). Heilbrigðiseftirlitið óskar eftir nánari upplýsingum um hvort svo sé.

Athugið að skýrsla þessi tekur aðeins til þeirra atriða sem skoðuð voru þann dag sem eftirlitið fór fram. Í samræmi við 13. gr. stjórnslulaga [nr. 37/1993](#) er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar. Ef athugasemdir eru við ofangreind atriði óskast þær sendar á tölvupóstfangið hef@heilbrigdiseftirlit.is. Heilbrigðiseftirlitið bendir á að loknum andmælafresti verður eftirlitsskýrslan birt á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins; www.heilbrigdiseftirlit.is.

Virðingarfyllst,


Hlín Halldórsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi.

